

YFIRLÝSING

Við undirritaðir, Heiðar Ingi Svansson formaður Félags íslenskra bókaútgefenda (FÍBÚT), Barónsstíg 5, 101 Reykjavík fyrir hönd félagsins og Karl Ágúst Úlfsson formaður Rithöfundasambands Íslands (RSÍ), Gunnarshúsi, Dyngjuvegi 8, 104 Reykjavík, fyrir hönd sambandsins í umboði stjórnar, staðfestum hér með samningsform milli FÍBÚT og RSÍ sem felst í nýjum útgáfusamningi og viðauka við hann.

Með nýju samningsformi er leitast við að skilgreina réttindi og kjör höfunda og útgefenda vegna sölu og dreifingar útgefinna verka sem og í viðauka tekin afstaða til hlutdeildar höfundar í endurgreiddum höfundarlaunum miðað við gildandi reglur um endurgreiðslu hluta útgáfukostnaðar úr ríkissjóði til handa útgáfendum að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Bæði félögin munu mæla með því við félagsmenn sína að þessi samningur og viðauki verði notaðir af félagsmönnum.

Við undirritun þessarar yfirlýsingar hafa báðir aðilar auðkennt nýja útgáfusamninginn og viðaukann með upphafsstöfum sínum.

Reykjavík, 02.09.2020

Með fyrirvara um samþykki félagsfundar

Heiðar Ingi Svansson formaður FÍBÚT

Karl Ágúst Úlfsson formaður RSÍ